

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/384
komudagur 2.12.2004

Hvanneyri 1. desember 2004.


Vísað er í bréf yðar dagsett þann 22. nóvember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Skólafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 330. mál, endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.

Við fögnum því að farið hefur verið í að skoða lög um LÍN og að fyrirhugað sé að lækka endurgreiðslubyrði lánþega hinsvegar viljum við vísa í hjálagða greinargerð námsmannahreyfinganna og bendum á þá leið sem þar er stungið upp á.

Skólafélag LBH telur að nefnd menntamálaráðherra hefði mátt skoða betur tillögu námsmannahreyfinganna, það er skattaafsláttarleiðin, þar sem hún hefur augljóslega marga kosti fram yfir þá leið sem nú er farin.

Þörf er á sönnum úrbótum á Lánasjóðskerfinu sem taka heildstætt á raunverulegum þörfum námsmanna. Við teljum að þetta skref, þó jákvætt sé, sé ekki það sem námsmenn á Íslandi þurfa virkilega á að halda og lýsum því vonbrigðum okkar á útkomu þessarar nefndar. Í ljósi þeirra staðreynda sem reifaðar eru í greinargerð námsmannahreyfinganna, getum við ekki stutt þessa breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Fyrir hönd Skólafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri


Jón Örnvar Jónsson
Formaður Skólafélags LBH

Afstaða námsmanna vegna álits nefndar um breytingar á lögum um LÍN

Reykavík - 4.nóvember 2004

Námsmannahreyfingarnar telja mikilvægt skref hafa verið stigið í átt að réttlátara námslánakerfi með skipun nefndar menntamálaráðherra um breytingar á lögum um Lánaþjóf íslenskra námsmanna. Námsmenn eru jafnframt þakklátir ráðherra fyrir þann samstarfsvilja sem þeim er sýndur með skipun fulltrúa hreyfinganna í nefndina, sem nú lýkur störfum.

Endurgreiðslubyrði námslána hefur verið sá efnisþáttur laganna, sem hvað mest áhersla hefur verið lögð á í nefndarstarfinu. Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Bandalag háskólamanna (BHM) fóru, árin 2001-2002, fyrir hópi námsmanna- og launþegasamtaka sem lét gera fræðilega úttekt á því hvaða leiðir væru æskilegastar til lækkunar endurgreiðslubyrði námslána. Í ljós kom að heppilegast væri að létta endurgreiðslubyrðina með frádrætti í skattkerfinu, þ.e. að veita endurgreiðendum námslána skattaafslátt af árlegri afborgun til LÍN. Fulltrúi námsmanna í nefnd um breytingar á lögum um LÍN kynnti þessa afstöðu námsmanna strax í upphafi nefndarstarfs, lagði fram skýrslu¹ máli sínu til stuðnings og færði fyrir afstöðu námsmanna eftirfarandi rök:

- Sýnt hefur verið fram á² að hið opinbera hagnast á auknum lántökum og það var ekki markmiðið með lögum um LÍN frá 1992. Skattaleiðin er vel rökstudd í fyrirnefndri skýrslu, þar sem sýnt er fram á tekjuaukningu ríkisins við aukna námsfjárfestingu með áhættudreifingarröksemdum.
- Lán á hvern lánþega eru að dragast saman sem bendir til þess að stefnt sé í hættu markmiði laganna um LÍN varðandi jafna möguleika til náms.
- Með skattaleiðinni er ávinningi af auknum lántökum dreift milli hins opinbera og lántakenda sjálfra.

¹ Þórólfur Matthíasson. (2002). *Tölulegar upplýsingar um lánþega LÍN árið 2001*. Reykjavík: Háskólaútgáfan

² Sjá skýrslu Dr. Þórólfs Matthíassonar (2002)

- Skattaleiðin tryggir jafnrétti til náms, þar sem þung endurgreiðslubyrði hefur áhrif á námsval fólks.
- Skattaleiðin skerðir ekki tekjustreymi til LÍN og kemur þar með ekki niður á núverandi eða framtíðar lántakendum.
- Með tilliti til ávinnings ríkis af hærra menntunarstigi og aukinni hagsæld er eðlilegt að greiddur sé „arður“ af fjárfestingunni.
- Þjóðfélagsleg rök eru fyrir skattaleiðinni. Með henni yrði stuðlað að aukinni og hraðari mannauðsuppbyggingu þjóðarinnar með því að hækka menntunarstig og þar með skatttekjur hins opinbera. Hér er því ekki um að ræða sérhagsmunamál fámenns hóps heldur kjarabót fyrir alla þjóðina til lengri tíma lítið.
- Fyrirmyndir eru að skattaafsláttarleiðinni (t.d. vaxtabætur í íbúðarlánakerfinu) og því þarf ekki að finna upp hjólið.
- Um er að ræða einfalda aðgerð í skattkerfinu þar sem nú er unnt að forskrá allar upplýsingar er varða lántökur hjá LÍN á skattaskýrslu.
- Tekjutap í skattheimtu dreifist milli ríkis og sveitarfélaga – enda deila þau ávinningi af auknum lántökum.

Í starfi nefndarinnar hefur í megindráttum aðeins verið rætt um eina leið til lækkunar endurgreiðslubyrði námslána, þ.e. lækkun árlegs hlutfalls endurgreiðslu úr 4,75% í 3,75% ásamt því að bæta fjármagnstekjum inn í tekjustofn. Að mati námsmanna er, með þessari leið, um að ræða lítið skref í rétta átt en námsmenn sjá sér þó ekki fært að styðja þessa tillögu í ljósi framangreindra raka. Þá er einnig vert að árétta það að hlutfallslækkun um eitt prósentustig hefur í för með sér lengri endurgreiðslutíma lána, sem þýðir að lánþegar munu einhverjir greiða af námslánnum í hárrí elli. Hlutfallsleiðin er einungis kjarabót fyrir þá sem tóku lán eftir árið 1992 en skattaleiðin kæmi öllum endurgreiðendum vel.

Fleiri breytingar hafa verið lagðar til á lögum um LÍN, og verður fjallað um hverja og eina þeirra hér á eftir:

5. gr. a. hljóði svo:

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna og jafnmarga til vara, sbr. 5. gr., til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar og

varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kærendum og stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla innan 3 mánaða frá uppkvaðningu.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir stjórnarsýslulögum.

Námsmannahreyfingarnar telja fullkomlega óeðlilegt að stjórn LÍN beri úrskurði sér æðra stjórnvalds undir dómstóla. Bera verður fullt traust til þeirra nefndarmanna sem ráðherra skipar í málskotsnefnd og hlýta úrskurði nefndarinnar.

7. mgr. 8. gr. hljóði svo:

Skuldari, sem sækir um undanþágu skv. 6. mgr., skal leggja fyrir sjóðstjórn þær upplýsingar er stjórnin telur skipta máli. Umsóknin skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar.

Það er álit námsmannahreyfinganna að 60 daga frestur sem lagður er til sé óþarflega strangur og ekki beri að tilgreina slíka fresti í lögum um LÍN. Eðlilegra sé að slíkar framkvæmdarreglur séu tilgreindar í sérreglum sjóðsins, t.a.m. úthlutunarreglum LÍN.

Í stað núverandi 18. gr. komi ný grein er hljóði svo:

Þeir sem sótt hafa um námslán samkvæmt lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna fyrir gildistöku laga þessarar skulu til loka skólaársins 2004-2005 eiga rétt á námslánum samkvæmt þeim lögum.

Þeir sem skulda eða hafa sótt um námslán samkvæmt lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna eiga rétt á að breyta því láni í námslán samkvæmt þessum lögum. Skilyrði slíkrar skuldbreytingar er að umsókn um hana hafi borist sjóðnum fyrir 1. nóvember 2005, að umsækjandinn sé ekki í vanskilum við sjóðinn og að lánið sé tryggt með sambærilegum hætti og áður.

Ef lánþegi samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt eldri lögum um sjóðinn skal miða við að hann endurgreiði þau fyrst. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu samkvæmt eldri lögum lýkur eða á að vera lokið skal lánþegi hefja endurgreiðslu samkvæmt þessum

lögum. Greiðslur samkvæmt þessum lögum frestast því þar til lán samkvæmt eldri lögum eiga að vera að fullu greidd.

Með vísan í fundargerð 6.fundar nefndarinnar leggja námsmannahreyfingarnar til að frestur til skuldbreytinga verði rýmkaður og lánveitingar verði í samræmi við ný lög þegar við gildistöku. Telja verður eðlilegt að lánþegar sem hófu lántöku í haustið 2004 séu ekki farnir að huga að endurgreiðslu lánanna og 1.nóvember 2005 því full skammur fyrirvari til skuldbreytinga.

Námsmannahreyfingarnar vona að ráðherra reynist unnt að koma til móts við þessar óskir og taki tillit til þeirra tillagna sem hér hefur verið gerð grein fyrir, enda mikið hagsmunamál í húfi fyrir lánþega sem eru í mörgum tilvikum að stíga sín fyrstu sjálfstæðu skref í fjármálaheiminum.

Virðingarfyllst,
F.h. námsmannahreyfinganna

Heiður Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri SÍNE